



### Jólagjafir

Við gerð fjárhagsáætlana hverju sinni skulu forstöðumenn gera ráð fyrir kr. 10.000,- á hvern starfsmann vegna jólagjafa. Byggðarráð skal við gerð fjárhagsáætlana hverju sinni ákveða fjárhæð vegna jólagjafa á hvern starfsmann við forsendugerð fjárhagsáætlunar. Að jafnaði er um samræmd innkaup að ræða og mælt er með því að kaupa jólagjafir frá aðilum í Dalvíkurbyggð.

### Afmælisgjafir

Við tugaafmæli starfsmanna (20 ára, 30 ára, 40 ára, 50 ára, 60 ára og 70 ára) skal Dalvíkurbyggð gefa viðkomandi starfsmanni afmælisgjöf. Við gerð fjárhagsáætlana hverju sinni skal starfsmannabjónusta fara yfir starfsmannalista eins og hann liggur fyrir og senda viðkomandi yfirmönnum upplýsingar um væntanleg tugaafmæli starfsmanna næsta árs. Forstöðumenn og sviðstjórar skulu því gera ráð fyrir í tillögum sínum að fjárhagsáætlun fjárhæðum vegna tugaafmæla starfsmanna. Ef breytingar verða á starfsmannahaldi þá er það sameiginlegt verkefni starfsmannabjónustu og forstöðumanna að viðhalda lista yfir tugaafmæli starfsmanna.

#### ➤ Fjárhæðir:

Í fjárhagsáætlun skal gera ráð fyrir kr. 10.000,- á hvern starfsmann vegna tugaafmælis. Byggðarráð skal við gerð fjárhagsáætlana og við forsendugerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákveða fjárhæð vegna afmælisgjafa á hvern starfsmann sem á tugaafmæli.

Ofangreindar reglur gilda eftir því sem við á við kjörna fulltrúa. Sveitarstjóri sér um framkvæmdina en við gerð fjárhagsáætlana ár hvert skal starfsmannabjónusta taka sama yfirlit er sýnir tuga afmæli kjörinna fulltrúa. Ef breytingar verða á kjörnum fulltrúum þá er það sameiginlegt verkefni starfsmannabjónustu og sveitarstjóra að viðhalda lista yfir tugaafmæli kjörinna fulltrúa.

Ef þannig hittist á að starfsmaður er jafnframt kjörinn fulltrúi þá gilda þessar reglur ekki tvöfalt.

### Áfangagjafir

Dalvíkurbyggð sendir heillaskeyti/kveðjur ásamt blómum eftir því sem við á vegna ýmissa merkisatburða og áfanga í lífi starfsmanna, s.s. vegna brúðkaups, barneigna, námsáfanga. Næsti yfirmaður sér um að senda slíkar kveðjur eða skeyti. Reglur þessar um áfangagjafir gilda einnig um kjörna fulltrúa.

### Samúðarkveðjur.

Dalvíkurbyggð sendir samúðarkveðjur ásamt blómum eftir því sem við á vegna fráfalls aðstandenda starfsmanns. Næsti yfirmaður sér um að senda slíkar kveðjur eða skeyti.

Reglur þessar um samúðarkveðjur gilda einnig um kjörna fulltrúa.



### **Starfslokagjafir**

Að jafnaði þegar starfsmaður lætur af störfum hjá sveitarfélaginu skulu honum færð blóm að gjöf. Viðmiðið er starfsaldur starfsmannsins en næsti yfirmaður metur í hverju tilfelli fyrir sig hvert viðmiðið á að vera.

Þegar starfsmaður lætur af störfum hjá sveitarfélaginu til að fara á eftirlaun fær hann starfslokagjöf frá Dalvíkurbyggð. Ef viðkomandi hefur verið í starfi hjá sveitarfélaginu í 20 ára eða lengur má fjárhæð gjafar nema allt að kr. 30 þús. Ef hann hefur verið skemur í starfi kr. 20 þús.

Næsti yfirmaður sér um kaup og afhendingu á starfslokagjöf.

**Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 25.11.2014.**